

## DALAKOFINN

Sunnudaginn 31. ágúst verður okkar árlega vöflukaffi í tilefni af því að 3 ár eru síðan við keyptum Dalakofann. Verið velkomin að koma og þiggja kaffi og vöflur milli kl 15 og 17.

Mánudaginn 1. september hefst haustopnun og verður opið **mánudaga - laugardaga frá 10-20 og sunnudaga frá 12-20.**

Starfsmaður óskast í 80-100% starf. Viðkomandi þarf að vera rey-klaus, hafa góða þjónustulund og geta unnið sjálfstætt.

Umsóknarfrestur er til mánudagsins 8. september. Umsóknir sendist á netfangið [dalakofinn@dalakofinn.is](mailto:dalakofinn@dalakofinn.is) og nánari upplýsingar gefur Halli Bó í síma 898-3328.

Þökkum ánægjuleg viðskipti.

**Verið ávallt velkomin!**

Dalakofinn / Útibú ehf. [www.dalakofinn.is](http://www.dalakofinn.is)  
s. 464-3344



## Opið í Heiðarbæ

Frá 21. ágúst  
Sundlaug og grill kl. 16:00 - 21:00

Sundlaug - tjaldstæði – gisting  
Veiðileyfi í Langavatn og Kringluvatn  
Fjölbreyttar veitingar

**Síðasti opnunardagur er 31. ágúst**

sími 464 3903

[www.heidarbaer.is](http://www.heidarbaer.is)



## Skútustaðahreppur

### Deildarstjóri - Sérkennari.

Við leitum eftir fagmenntuðum og áhugasömum starfskrafti við leikskólann Y1 frá og með 1. október n.k. í 100% stöðu. Viðkomandi hefur tækifæri til að koma að skipulagi og mótun á starfsemi leikskólans til framtíðar.

Ylur er 16 – 18 barna leikskóli sem er starfræktur í Reykjahlíðarþorpi í Mývatnssveit. Fjölbreytt og skemmtilegt umhverfi bjóða upp á mikla möguleika á fjölbreyttu starfi. Í Mývatnssveit búa um 380 manns. Þar er öflugt félagslíf og öll helsta þjónusta til staðar. Húsnæði er í boði fyrir viðkomandi.

**Hæfniskröfur:** Leikskólakennaramenntun, sérkennaramenntun eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi

Reynsla af sérkennslu æskileg  
Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum  
Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð  
Frumkvæði, áhugi og metnaður í starfi  
Góð íslensku kunnátta.

Launakjör samkvæmt kjarasamningi KÍ og Launaneftdar sveitarfélaga.

Nánari upplýsingar veita Þóra Ottósdóttir, leikskólastjóri í síma 895-6731 eða Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, formaður skólanefndar í síma 842-4363.

Umsóknum skal skilað á skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegur 6, 660 Mývatn, eða á netfangið [sveitarstjori@myv.is](mailto:sveitarstjori@myv.is) fyrir 15. september n.k.

## Átt þú ekki erindi við Vaxtarsamning Norðausturlands?

Ertu með hugmynd að verkefni sem eflir atvinnulíf og búsetuskilyrði á starfssvæðinu?

Næsti umsóknarfrestur til VAXNA er föstudaginn 12. september nk.

Aðrir umsóknarfrestir ársins verða svo 10. október, 7. nóvember og 5. desember.  
Gert er ráð fyrir að afgreiðsla umsókna liggja um 10 dögum eftir umsóknarfresti.

Umsóknargögn má finna á vefsíðunni [www.atthing.is](http://www.atthing.is) og starfsmenn atvinnuþróunarfélagsins veita upplýsingar og aðstoð við gerð umsókna.



Kynntu þér málið og hafðu samband!

Ari Páll, Jóna og Reinhard



Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga • Garðarsbraut 5, Húsavík • sími 464-0415



## Húsaleigubætur – Námsmenn athugið!

Nú eru skólar að byrja og þeir námsmenn sem munu dvelja á heimavist eða leigja sér húsnæði í vetur eiga rétt á húsaleigubótum. Umsóknir þurfa að berast tímanlega til skrifstofu Þingeyjarsveitar eða eigi síðar en **15. dag fyrsta greiðslumánaðar**. Til þess að hægt sé að afgreiða húsaleigubæturnar þarf sveitarfélagið jafnframt að fá frumrit af **þinglýstum húsaleigusamningi** auk **staðfestinga á námi**. Þeir sem eru að sækja um húsaleigubætur í fyrsta sinn þurfa jafnframt að framvísa **staðfestu afriti af skattframtali 2014**.

Vinsamlegast athugið að hægt er að senda inn umsókn þó svo að nauðsynleg fylgigögn vanti. Umsóknin gildir þá frá þeim degi sem hún berst skrifstofu sveitarfélagsins, en húsaleigubætur verða ekki afgreiddar fyrir en öll nauðsynleg gögn hafa borist.

Umsóknareyðublað má finna á [www.thingeyjarsveit.is](http://www.thingeyjarsveit.is) og á skrifstofu sveitarfélagsins við Kjarna. Nánari upplýsingar veitir Margrét í síma 464-3322 [margret@thingeyjarsveit.is](mailto:margret@thingeyjarsveit.is)

Skrifstofa Þingeyjarsveitar

34.tbl.  
28. ágúst  
2014  
21. árg.

## Hlaupastelpan

[hlaupastelpan@isl.is](mailto:hlaupastelpan@isl.is), s:4643366/gsm:8953386



## Íbúafundur

Upplýsingafundur fyrir íbúa í nágrenni Skjálfandafljóts verður haldinn fimmtudaginn 28. ágúst kl. 20:00 í Ljósvetningabúð.

Sýslumaðurinn á Húsavík

## Matarskemman auglýsir

Vinnsluaðstaða okkar á Laugum hefur tekið til starfa. Um er að ræða aðstöðu sem býður upp á vinnslu kjötafurða, sultu- og sláturgerð, kryddþurrkun og bakstur svo nokkuð sé nefnt.

Nánari upplýsingar og tímapantanir hjá Jóhönnu Magneu Stefánsdóttur í Vallakoti í síma 464 3380 og 863 3381.

Kynningarfundur um starfsemina  
í Dalakofanum miðvikudaginn 3. sept. Kl 20:30.  
Aðstaðan skoðuð að fundi loknum.

**Matarskemman ehf.**